



„Samstaða heima fyrir mun tryggja framgang þessa ágæta máls“

Aðdragandinn að stofnun Orkubús Vestfjarða og fyrstu starfsárin

Guófinna M. Hreiðarsdóttir tók saman

Á heimssýningunni í París árið 1881 kynnti Thomas A. Edison glóperuna og fyrsta rafstöðin til almenningsnota tók til starfa í London árið 1882. Þessi rafstöð var knúin gufu og var byggð að frumkvæði Edisons. Breskt tilboð um raflýsingu Reykjavíkur barst árið 1888. Nota átti 10 hestafla gufuvél til þess að framleiða rafmagn. Bæjarfulltrúar voru langt frá því að vera reiðubúnir að samþykkja svona byltingarkennda tillögu og henni var umsvifalaust hafnað.

Segja má að rafvæðing Íslands hafi hafist þegar fyrsta vatnsaflstöðin var reist í Hafnarfirði árið 1904. Að henni stóð Jóhannes J. Reykdal trésmiður sem hafði kynnt vatnsorkuverum Norðmanna þegar hann fór utan til framhaldsnáms í iðn sinni. Árið 1903 setti hann upp trésmiðaverkstæði með vatnskúnum vélum í Hafnarfirði og notaði til þess Hamarskotslæk, sem rann í gegnum bæinn. Einnig setti hann 6 kW rafala í samband við vatnshjólið sem framleiddi jafnstraum með lágri spennu. Frá virkjuninni var leitt rafmagn í verkstæði Jóhannesar og alla vega tólf hús önnur, notað til raflýsingar. Kveikt var á þessum fyrstu rafljósum frá vatnsorkuveri á Íslandi 12. desember 1904.

Litladalsá virkjuð 1911

Árið 1911 fór Jóhannes vestur á Patreksfjörð og setti þar upp rafstöð fyrir Pétur A. Ólafsson útgerðarmann. Þessi stöð var tekin í notkun í júní 1911 og Litladalsá notuð til að knúa hverfilinn áfram. Rafallinn, sem var 5 kW, var fyrsta árið knúinn með yfirfallsvatnshjóli, en síðar var fengin túrbína frá Kværner Brug í Osló, 7,8 hestöfl. Rafmagn var leitt í 16 hús á Geirseyri. Á daginn, þegar ekki þurfti að nota ljós, mátti tengja stórvíðarsög við hverfilinn.




Fyrsta rafstöðin, Holborn Viaduct í London.

Síðar þetta sama ár var Ljósárvirkjun á Eskfirði gangsett. Fyrsta rafveitan sem náði til heils bæjarfélags var tekin í notkun á Seyðisfirði 18. október 1913. Það þóttu svo mikil tíðindi að haldin var sérstök ljósahátíð og mikið var um dýrðir. „Ekki minna en sjö kvæði voru ort við þetta tækifæri og sungin“ sagði í frétt á forsíðu fyrsta tölublaðs *Morgunblaðsins*, 2. nóvember 1913.

Rafstöðin á Geirseyri var starfrækt til ársins 1918 en þá var ný 23 kW vatnaflstöð við Litladalsá tekin í notkun. Þann 28. nóvember 1918 var rafstraumi hleypt á bæjarkerfið og nægði til ljósa fyrir kaupúnið. Árið 1919 keypti Patrekshreppur eignir Péturs A. Ólafssonar og stofnuð var Rafveita Patrekshrepps.

Vatnsaflsvirkjun Jóhannesar J. Reykdals í Hafnarfirði.





Pétur A. Ólafsson,
athafnamaður á Patreksfirði.

Litladalsárvirkjun á
Geirseyyri, Patreksfirði 1911.


Árið 1913 hófust Bílddælingar handa við að virkja Hnjúksá. Verkið gekk hægar en vonir stóðu til þar sem erfitt var um öll aðföng vegna stríðsins. Haustið 1917 barst sú frétt að skipinu St. Margaret, sem var á leið til landsins frá Leith, hafði verið sökkt. Hafði það m.a. meðferðs 110 smálestir af pípum til rafveitanna á Patreksflrði og Bíldudal og ljóst að þetta yrði tilfinnanlegt tjón fyrir íbúa Patreksfjarðar og Bíldudals, sem höfðu reitt sig á að rafveitunar yrðu tilbúnar um haustið. „Mundi þeim hafa verið það mikill spamaður á öllu til ljósa, þar sem stöðvarnar á að reka með vatnsafla. En nú mun hæpið að hægt se að útvega nýjar pípur og koma þeim hingað að minsta kosti fyrir veturinn.“ (Morgunblaðið 20. september 1917, 2).

Stöðin, sem var 40 kW, var tekin í notkun 1918 og var rafmagnið notað til ljósa, eldunar og hitunar. Árið 1920 lýsti heimamaður á Bíldudal stöðinni með þessum hætti:

„Raforkustöðin er hér fram í firðinum, nálægt því klukkutíma gang frá þorpinu. Er rafmagnið leitt með þráðum ofanjarðar þaðan inn í þorpið. Eg nota sjálfur um 1½ hestafll á dag og greiði fyrir það 225 kr. á ári. Mér nægir þetta afl til ljósa í húsi mínu og til suðu handa 5 eða 6 mönnum. Eldstóin sem eg nota kostaði 45 kr. 1917. Þegar hún er ekki notuð til að sjóða á henni er hún færð á milli herbergjanna og notuð sem ofn. Sérstakan ofn hefi eg til að baka í brauð. Hann kostaði mig á sama tíma og eldstóin 36 kr. Rafveitan varð okkur mikið dýrari en hún hefði þurft að verða, ef við hefðum ekki notað steinrör, sem Jón Þorláksson ráðlagði okkur að nota. Þau entust ekki árlangt. Urðum við því að setja trépipur í stað þeirra og höfum gjört kröfu til Jóns Þorlákssonar um að hann greiði okkur 16 þús. kr. í skaðabætur fyrir gabbið.“ (Verkamaðurinn 15. júlí 1920, 63)

Raflýsingarfélag Ísfirðinga var stofnað 1920 og hóf raforkuvinnslu til húsalýsingar með 100 ha. díeselvél. Raflýsingarfélag Bolungarvíkur tók til starfa 1922 með 12 ha Bolindervél en hins vegar höfðu Bolvíkingar hafið virkjunarundirbúning 1917 í Fossá í Geiradal en lánsfjárskortur kom í veg fyrir eðlilegar framkvæmdir verksins. Ártugum seinna yfirtók ríkið mannvirkin og lauk virkjuninni. Flest hinna minni byggðarlaga á Vestfjörðum voru komin með eitthvert rafmagn um og eftir 1920. Árið 1937 fengu svo Ísafjörður og Hnífsdalur raforku frá sameiginlegri vatnsvirkjun í Fossá í Engidal, 850 kW.

Ekki leið á löngu þar til augu manna beindust að fallvötnum fyrir botni Arnarfjarðar, enda skilyrði þar góð og staðurinn



Litladalsárvirkjun á Geirseyyri, Patreksfirði 1918.

miðsvæðis á Vestfjörðum. Fyrstu rannsóknir þar voru gerðar á árunum 1916-1917, og árið 1926 fékk „Dansk-íslensk Anlæggsselskab“ í Kaupmannahöfn og „Íslands Salt- & Kemiske Fabrikker“ í Reykjavík leyfi til að virkja þar en ekkert varð úr framkvæmdum.



Fyrstu rafstöðinni á Ísafirði var komið fyrir í kjallara húss Finns Thordarsonar en það hafði brunnið til grunna 2. september 1918. (Ljósmyndasafnið Ísafirði).

Orkuver Vestfjarða hf

Forsvarsmenn sveitarfélaga á Vestfjörðum urðu snemma meðvitaðir um mikilvægi þess að efla raforkuframleiðslu, ekki síst þar sem ört vaxandi fiskiðnaður krafðist sífellt meiri orku. Þegar um 1930 var komin upp umræða um samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum til sameiginlegrar raforkuöflunar í fallvötnum í botni Arnarfjarðar. Þann 17. júní 1942 var haldinn fundur á Ísafirði þar sem fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum ræddu við fulltrúa frá rafveitustjórn og bæjarstjórn Ísafjarðar um virkjun vatnsfallanna við Arnarfjörð. Kom fundarmönnum saman um að hefjast bæri handa um vatnsmælingar og rannsóknir á virkjunaraðstöðu og var kosin framkvæmdanefnd til hefja undirbúning að þeirri vinnu. Í framhaldinu voru stofnuð samtök sem fengu nafnið Orkuver Vestfjarða hf. og höfðu það hlutverk að undirbúa samvirkjanir fyrir Vestfirði í Dynjandísá í Arnarfirði.

XIV. árgangur.	Ísafjörður, 20. febrúar 1937.
<p>Rafveita Ísafjarðar. Rafstöðin við Fossá er merkasti atburðurinn í sögu bæjarins.</p> <p>Rafstöðin gefur 800 nettóhestöfl, 870 túrbínuestöfl. — Hefir stöðin þegar verið reynd með fullu álagi, að viðbættum 10%, og reyndist ágætlega. Vélar og efni í stöðinni eru frá þessum firmum: Rafall og 5 spennar frá A/S Titan í Khöfn; kostar um 36 þús. danskar kr. Háspennu- og lágsþennu-umbúnaður frá A/S Lauritz Knudsen í Khöfn; kostar um 28 þús. d. kr. Turbína frá A/B Finshytan í Svíþjóð; kostar um 28 þús. sv. kr., uppsett.</p>	<p>spennukerfi um Hnífsdal. Njóta því Hnífsdælingar enn ekki orku frá nýjustöðinni. Verður unnið að því þegar tíð leyfir, en óvíst að það verði fyr en með vorinu. Lengd pípuunnar er samanlögð 1900 metrar. Lengd háspennulínu er 11000 metrar. Sprengja þurfti álls um 160 metra vegalengd. Áætlanir um virkjunarkostnað nú gerðu Sig. Thoróðssen verkfr. og Höskuldur Baldvinsson. Sigurður um hið verkfræðilega og Höskuldur um hið raffræðilega. Nam áætlun þeirra samtals 539 þús. og 500 ísl. kr. Var þar gert ráð fyrir að virkjuð yrði 600 hestöfl. Einnig að alt bæjarkerfið ábyrgð ríkissjóðs verði miðuð við 85%, af kostnaðarverði, eins og það reynist. Og í trausti þess, að það fáiast, hefir rafveitan komist upp og verið tekin til starfrækslu. Hið innlenda framlag er að langmestu leyti frá bæjarbúum; verkamönnum, sem tóku 25% af vinnu sinni í skuldabréttum, og öðrum áhugamönnum. Framkvæmt rafveitunnar er merkasti atburðurinn í sögu bæjarins hingað til. Það er framtíðin sem sker úr um að hverju gagni hún kemur. En vel má starfrækslan takast, ef upplýllast eiga þær vonir, sem við framkvæmd rafveitunnar hér hafa verið tengdar alla tíð. — Við því má búast</p>



Flutningur á vélbúnaði fyrir Fossárvirkjun 1936. (Ljósmyndasafnið Ísaf.)


Lögðu sveitarfélögin talsvert fjármagn í þessar rannsóknir og undirbúningsvinnu vegna mögulegra framkvæmda.

Vorið 1942 var flutt frumvarp að lögum um að veita Orkuveri Vestfjarða hf leyfi til að virkja fallvötnin í botni Arnarfjarðar og setja upp virkjun sem yrði 4500 hestöfl (3000 kw). Um sumarið var Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur fenginn til að sjá um mælingar við Mjólka og Dynjandísá og var niðurstaða hans sú að í Dynjanda og Mjólka í Arnarfirði væri hægt að virkja 13000 hestöfl en kostnaður við slíka virkjun yrði tæpast undir 20 milljónum króna. Lagði hann til að byrja á virkjun Mjólka sem yrði 4000 hestöfl og áætlaður kostnaður nálægt sjö milljónum króna. Sagði hann meginkostinn við það að byrja á tiltölulega lítilli virkjun vera þann að þá gæfist tóm til nauðsynlegra rannsókna á vatnsmagni og allri aðstöðu við orkunýtinguna. Þessu frumvarpi virðist ekki hafa verið fylgt eftir enda voru Vestfirðingar komast á þá skoðun að stórvirkjun væri besti kosturinn. Undirbúningsnefndin hélt áfram störfum og Finnbogi Rútur hélt rannsóknum sínum áfram sumarið 1943. Vorið 1944 var þingmönnum Vestfjarða falið að flytja þegar á næsta þingi frumvarp til laga um ríkisvirkjun Dynjandifossa og Mjólkar í Arnarfirði, en næðist það ekki fram þá yrði fengin ríkisábyrgð fyrir láni til virkjunar þessara fallvatna.

Árið 1945 gaf Emil Jónsson, samgöngumálaráðherra Vegamála- skrifstofunni og Rafmagnseftirliti ríkisins fyrirmæli um að gera ítarlega frumáætlun um virkjun fallvatna í Arnarfirði og um aðalorkuveitur um Vestfirði frá fyrirhugaðri virkjun þar, allt með hliðsjón af rannsóknum Finnboga Rúts Þorvaldssonar, sem þá var orðinn prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands. Árangur þessa varð sá, að Vegamála- skrifstofan fól danska verkfræðingafirmanu Höjgård & Schultz að annast rannsóknir og áætlunargjörð um sjálfa virkjun Dynjandísar einnar. Þar eru taldir betri möguleikar til vatnsmiðlunar en við Mjólka, og einnig bar sérfræðingunum saman um, að orkuþörf Vestfjarða yrði naumast meiri en svo í nánustu framið, að henni mætti fullnægja með virkjun annarar árinna. Í annan stað fól Rafmagnseftirlit ríkisins Höskuldi Baldvinsyni að ferðast um Vestfirði til að athuga, hvaða linustæði kæmu helst til greina í sambandi við virkjun Dynjanda. Lét Rafmagnseftirlitið síðan gera uppdrátt af línustæði fyrir háspennulínu frá orkuveri við Dynjanda til Bíldudals, Sveinseyrar og Patreksfjarðar til annarar handar og um Rafnseyri, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Isafjörð, Hnífsdal og Bolungavík til hinnar. Áætlaður heildarkostnaður var um 30 milljónir króna sem var talið alltof dýrt og lengra náði málið ekki að sinni, sem voru mikil vonbrigði fyrir þá sem höfðu verið í forsvari fyrir málið. Þess í stað var tekin ákvörðun um að ráðist skyldi í uppsetningu dieselstöðva og endurbætur á innanbæjarkerfum rafveitnanna. Með samþykkt raforkulaganna árið 1946 versnaði staða sveitarfélaganna hvað virkjanir varðaði þar sem ríkið áskildi sér einkarétt til að reisa og reka virkjanir.

Mjólkárviðvirðingun á ákveðin í kjölfar lagasetningar 1954

Í febrúar 1954 lögðu þingmenn Vestfjarða fram frumvarp til laga um allt að 7000 hestafla raforkuver í Arnarfirði við



Landmælingamenn hjá Dynjanda í Arnarfíði í kringum 1911. (www.sarpur.is / Þjóðminjasafn Íslands)

Dynjandisá er skyldi þjóna öllum Vestfjörðum. Var frumvarpið samþykkt sem lög 8. apríl 1954 og ríkisstjórninni heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja allt að 7000 hestöfl í Dynjanda eða Mjólkám, ásamt að byggja aðalorkuveitu suður til Patreksfjarðar og norður til Ísafjarðar með viðkomu eða greiningu til allra kaupúna á þessu svæði.

Seint á árinu 1954 var tekin ákvörðun um stærð virkjunar og tilhögun samtenginga. Virkja átti Mjólká með 2400 kW virkjun og Fossá í Hólshreppi við Bolungarvík með 400 kW virkjun. Þessi orkuver skyldu síðar tengd saman og við orkuver Ísafjarðarkaupstaðar. Undirbúningsvinna við Mjólkárveitu hófst sumarið 1955 með byggingu vinnuskála og vegalagningu en framkvæmdir hófust af fullum krafti sumarið 1956 og í lok júlí 1958 var Mjólkárveitu gangsett, 2400 kW að stærð, sem mörgum fannst þá þegar of lítið.

Í árslok 1968 var heildaruppsett afl rafveitna á Vestfjörðum um 6820 kW. Þar af var vatnsafl 3960 kW eða 58% og dieselafl 2860 kW eða 42%. Á þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1969 var gerð svohljóðandi ályktun:

„Þing Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði, 6. - 7. sept. 1969 átelur, að ekki hefir verið ráðizt í neinar raunhæfar framtíðaraðgerðir í rafmagnsmálum á Vestfjörðum, þ.e. engar nýjar vatnsaflsvirkjanir reistar síðan lokið var við Mjólkárveitu, né heldur er vitað, að slíkar framkvæmdir í rafmagnsmálum á Vestfjörðum séu fyrirhugaðar. Í stað þess virðist sú stefna hafa verið tekin að auka við dieselafl á Vestfjörðum með ærnum kostnaði. Í þessu sambandi ítrekar þingið fyrri samþykktir um áframhaldandi rafvæðingu Vestfjarða og lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að sveitarfélögin fá frekari ákvörðunarrétt í rafmagnsmálum viðkomandi héraða.“

Í ársbyrjun 1971 lögðu allir þingmenn Vestfjarðakjördæmis fram tillögu til þingályktunar þess efnis að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að taka hið fyrsta ákvörðun um aukningu vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum og stefna að því að hefja framkvæmdir svo fljótt sem



Mjólkárveitu um 1960. (www.sarpur.is / Minjasafnið Akureyri).

Miðvikudagur 13. ágúst 1958

Þingeyringar vöknudu við að allt varð hljótt

Mjólkárveitu leysir Deiselaflstöðvarnar af hólmi

ÞINGEYRI, 12. ágúst — Nótt eina fyrir skömmu vaknaði fólk hér á staðnum við, að allt í einu varð hljótt! Við höfum nefnilega vakið og sofið undanfarna áratugi með vélagný fyrir eyrum af díselmóturunum, sem séð hafa okkur fyrir rafmagn. En þessa nótt hafði Þingeyri verið tengd við nýju Mjólkárveitunina — og gömlu vélarnar stöðvaðar.

Mikið mannvirki
Virkjunin sjálf er nú að mestu fullgerð og orðin hið glæsilegasta mannvirki, en þetta er þriðja árið síðan framkvæmdir hófust við hana. Línunum, sem flytja eiga nærliggjandi byggðarlögum raforku frá virkjuninni, seinkar

hins vegar nokkuð, en unnið er nú að tengingu til hinna ýmsu staða. Þannig mun Bildudalur fá sambandið einhvern daginn og talið er að Tálknafjörður muni koma næst og þar á eftir Patreksfjörður. Á Flateyri er spennistöðin ekki enn fullgerð, en línan hins vegar tilbúin og er þegar byrjað að leggja hana þaðan til Sögandafjarðar.

Dálitið hart
Gert er ráð fyrir, að sveitirnar muni einnig með tímanum fá rafmagn frá Mjólkárveitu, en skiljanlega þótti bændum dálitið hart að sjá rafllínuna lagða fram hjá býlum sínum, rafmagnslausum, til kaupúnanna, sem þegar höfðu nóg rafmagns framleitt af díselstöðvum. En þegar lokið verður tengingu aðallinnanna, mun snúid að sveitabýlunum.
— M. A.

darmíðunum

sem stofnframlag í Orkubú Vestfjarða enda yfirtæki stofnunar áhvílandi skuldir vegna hinna tilteknu mannvirkja. Skyldi Orkubúið sjá öllum íbúum Vestfjarða fyrir raf- og vatnsvarmaorku frá samveitum eða með öðrum hætti, og hafa forgöngu um að annast nauðsynlegt rannsóknar- og undirbúningsstarf þar að lútandi. Í frumvarpinu var jafnframt gert ráð fyrir því, að ráðherra gæti heimilað Orkubúi Vestfjarða að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynlegt væri að ráða yfir vegna framkvæmda samkvæmt frumvarpsdrögunum. Miklar umræður urðu um frumvarpshugmyndina og þótt fulltrúa greindi á um einstaka þætti þá ríkti mikil eining og samstaða meðal fundarmanna. Steingrímur Hermannsson alþingismaður, sem þarna var staddur ásamt fleiri þingmönnum kjördæmisins, sagðist fagna almennri samstöðu fulltrúa á þinginu því „Samstaða heima fyrir mun tryggja framgang þessa ágæta máls.“

Orkunefnd Vestfjarða

Síðar um sumarið ákvað þáverandi iðnaðarráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, að skipa nefnd til að vinna að orkumálum Vestfjarða og kanna viðhorf sveitarfélaga á Vestfjörðum til stofnunar Vestfjarðaveitu. Fékk hún heitið Orkunefnd Vestfjarða og áttu sjö menn sæti í henni, þeir Jóhann T. Bjarnason, Engilbert Ingvarsson, Karl E. Loftsson, Ólafur Kristjánsson, Guðmundur H. Ingólfsson, Ingólfur Arason og Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Samkvæmt skipunarbréfi voru störf nefndarinnar tvíþætt tillögu-gerð, annars vegar um framkvæmdir í orkumálum og hins vegar um stofnun orkufyrirtækis.

Orkunefndin hélt sinn fyrsta fund 30. júlí og markaði sér þar þá stefnu að hafa sem besta samvinnu og samstarf við sveitarstjórnir á Vestfjörðum. Fyrsta verk nefndarinnar var að senda öllum sveitarstjórnnum á Vestfjörðum bréf þar sem verkefni nefndarinnar var kynnt og þess farið á leit, að þessir aðilar tjáðu sig um hugmyndir eða tillögur sem þeir kynnu að hafa fram að færa um orkumál Vestfjarða. Nefndin fékk til liðs við sig sérfræðinga á ýmsu sviðum og ræddi við fjölmarga menn,

sem höfðu til að bera staðarþekkingu, sérþekkingu eða voru í fyrirsvari í orkumálum Vestfjarða. Þegar nefndin hafði mótað tillögur sínar, efndi hún til funda með sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum þar tillögurnar voru kynntar og skipst á skoðunum. Einnig fundaði nefndin með þingmönnum kjördæmisins og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Lög um Orkubú Vestfjarða – stofnfundur O. V.

Í lok mars 1976 skilaði nefndin tillögum sínum fullmótuðum til iðnaðarráðherra. Var þar í fyrsta lagi um að ræða frumvarp til laga um Orkubú Vestfjarða og í öðru lagi tillögur um framkvæmdir í orkumálum ásamt ítarlegri úttekt. Ágreiningur var á Alþingi um málið og slógu blöðin því upp á forsíðum að sundrung væri innan ríkisstjórnarinnar vegna frumvarps um Orkubú Vestfjarða. Einar Ágústsson utanríkisráðherra réðist gegn frumvarpinu á þeim forsendum með stofnun Orkubús Vestfjarða yrði Landsvirkjun aðeins nafnið eitt, verið væri að sundra fyrirtækinu þar sem búast mætti við að svipuð orkubú yrðu stofnsett fyrir aðra landshluta. Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra studdi frumvarpið hins vegar einarðlega og sagði það fela í sér mikið framfaraspor. Var frumvarpið samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi 18. maí 1976.

Megininntak laganna var að ríkissjóður og sveitarfélög á Vestfjörðum stofnuðu orkufyrirtæki, er nefndist Orkubú Vestfjarða. Væri það sameignarfyrirtæki þar sem eignarhlutur ríkisins skyldi vera 40% og eignarhlutur sveitarfélaganna 60%. Tilgangur fyrirtækisins skyldi vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, skyldi Orkubúið eiga og reka vatnsorkuver og díselraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til orkuflutnings og dreifingar. Einnig jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Þá skyldi fyrirtækið eiga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Það skyldi annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið væri hverju sinni. Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubúinu til eignar sem stofnframlag öll mannvirki og dreifikerfi sín á Vestfjörðum.

DAGBLAÐIÐ frjálst, óháð dagblað

2. ÁRG. — FIMMUDAGUR 9. APRIL 1976 — 80. TBL. RITSTJÓRN SÍÐUMÚLA 12, SÍMI 83322. AUGLYSINGAR OG AFGREIÐSLA ÞVERHOLTI 2, SÍMI 27022.

Klofningur í ríkisstjórninni:
EINAR ER ANDVÍGUR
FRUMVARPI GUNNARS

ÓRJÚFANLEG SAMSTAÐA UM ORKUBÚIÐ

— Allur undirbúningur er nú á lokastigi, segir Þorvaldur Garðar Kristjánsson, alþingismaður og formaður undirbúningsnefndar í samtali við Vesturland

„Málið er núna komið á lokastig í undirbúningi fyrir stofnfund fyrirtækisins.“ sagði Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður og sem var formaður Orkunefndar vestfjarða. En undirbúningsstofnfundur fyrir formlega stofnun Orkubús Vestfjarða var einmitt haldinn fjórða þessa mánaðar í Reykjavík.

Þorvaldur sagði ennfrémur: „Þessi mál eiga sér langa forsoðu eins og allir vita. Svo hafði einnig verið árið 1975 þegar Orkunefnd Vestfjarða var skipuð. Stofnun Orkubús Vestfjarða hafði þá verið mjög oft rætt á þingum Fjórðungssambands Vestfjarða og meðal sveitarstjórnarmanna. Auk þess hafði verið samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi árið

1971 um að kanna möguleika á sameignarfyrirtæki sem rekið yrði af ríki og sveitarfélögum á Vestfjörum, sem hefði það hlutverk með nöndum að annast orkuframleiðslu og dreifingu orkunnar á Vestfjörum.

Orkunefnd Vestfjarða vann umfangsmikið starf með aðstoð tærustu sérfræðinga og helstu forsvarsmanna orkumála á Vest-

fjörðum. Nefndin hafði á sínum tíma fundi viðs vegar á Vestfjörum með sveitarstjórnarmönnum, þar sem hugmyndir orkunefndar voru lagðar fram og ítarlega ræddar. Sömuleiðis voru hugmyndir Orkunefndar kynntar þingmönnum Vestfjarðakjördæmis og stjórn Fjórðungssambandsins áður en nefndin skilaði frumvarpi sínu til laga um Orkubú Vestfjarða.

Málið hlaut síðan ítarlega athugun hjá ríkisstjórninni sem ákvað að bera frumvarpið fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp. Þar hlaut málið venjulega meðferð og var frumvarpið samþykkt í mai-árið 1976.

Samkvæmt lögnum er iðnaðarráðherra fallið að beita sér fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða og hefur verið unnið að undirbúningsstofnfundar síðan og marghátuð athugun farið fram, fyrst á vegum iðnaðarráðuneytisins og ennfremur fjármálaráðuneytisins áður en ríkisstjórnin tók ákvörðun um að hrinda málinu í framkvæmd.

Í öllum þessum undirbúningi hefur verið haft samráð við þá menn sem skipuðu Orkunefnd Vestfjarða svo og sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum.

Á þessu má sjá að þetta hefur verið leitast við vanda undirbúning þess máls svo sem kostur he

verið til þess að málið lægi sem ljósast fyrir þegar sveitarstjórnir tæku endanlega ákvörðun um hvort þau tæku þátt í þessu sameignarfyrirtæki eða ekki. En samkvæmt lögum um Orkubú er enginn þvinnuáður til þess að gerast aðili að fyrirtækinu heldur byggir það á frjálsum grundvelli.

Að lokum sagði Þorvaldur Garðar:

„Allur undirbúningur að stofnun Orkubúsins hefur gengið vel. Er það fyrir að þetta ávísanlegt sameignar-

Undirbúningsstofnfundur var haldinn í Reykjavík 14. júlí 1977 og þann 26. ágúst 1977 var stofnfundur Orkubús Vestfjarða haldinn á Ísafirði. Var þar undirritaður sameignarsamningur milli ríkis og sveitarstjórna á Vestfjörðum þar sem meginforsendurnar voru þessar:

1. Orkuþörf Vestfirðinga verði fullnægt með innlendum orkugjöfum.
2. Vestfirðingar skulu búa við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn.
3. Orkubúíð skal hafa traustan rekstrargrundvöll.

Samningurinn var svo samþykktur af ríkisstjórninni 25. október 1977.

Fyrstu störf stjórnar O. V.

Samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða skyldi stjórn þess skipuð fimm mönnum, þremur kjörnum af fulltrúum sveitarfélaganna en iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra tilnefndu hvorn sinn manninn. Í fyrstu stjórn fyrirtækisins sátu Guðmundur H. Ingólfsson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar, formaður. Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða, varaformaður. Össur Guðbjartsson, bóndi og oddviti Rauðasandshrepps, ritari. Engilbert Ingvarsson, rafveitustjóri Rafveitu Snæfjalla, meðstjórnandi. Ólafur Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur, vararitari.

Stjórnin kom saman til fyrsta fundar í október 1977 og var þá ákveðið, aðallega vegna þrýstings heimamanna, að stefna að

því að fyrirtækið hæfi rekstur 1. janúar 1978. Stuttur tími var til stefnu og mikið verk að vinna. En þetta markmið náðist og hóf Orkubú Vestfjarða starfsemi 1. janúar með yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum og rekstri Rafveitu Ísafjarðar á Ísafirði. Rafveita Patreks-hrepps var yfirtekin stuttu síðar og í lok árs 1979 bættist við rafveita Snæfjalla. Rafveita Reykjarfjarðarhrepps og Ögurhrepps var svo yfirtekin árið 1979.

Verkefnin voru margvísleg. Setja þurfti fyrirtækinu reglugerð, samræma gjaldskrár, byggja upp skipurit, samræma störf og skapa hinu nýstofnaða fyrirtæki starfsaðstöðu. Þá voru yfirtökumál orkumannvirkja viðkvæm og vandmeðfarin, ekki síst hjá þeim sveitarfélögum sem árum saman höfðu rekið sjálfstæðar rafveitur við góðan orðstír. Aðild sveitarfélaganna að Orkubú Vestfjarða grundvallaðist á frjálsum samningum, m.a. um afhendingu eigna og yfirtöku skulda. Því þurftu ekki öll sveitarfélög á Vestfjörðum að vera aðilar, en þess var vænst, að öll sveitarfélögin sæju sér hag í að eiga aðild að fyrirtækinu. Það var því eitt fyrsta verk stjórnarinnar að semja og móta stefnu í viðræðum við sveitarstjórnir um þessi mál.



Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður Vestur-Ísfirðinga 1959 og alþingismaður Vestfirðinga 1963–1967 og 1971–1991 (Sjálfstæðisflokkur).



*Fyrsta stjórn Orkubús Vestfjarða
F.v.: Engilbert Ingvarsson meðstjórnandi,
Óssur Guðbjartsson ritari, Guðmundur H.
Ingólfsson formaður, Jóhann T. Bjarnason
varaformaður og Ólafur Kristjánsson
vararitari.*



*Kristján Haraldsson, orkubússtjóri
O.V. frá 1978 til 2016.*

Unnið var skipurit þar sem gert var ráð fyrir þremur deildum innan fyrirtækisins: Fjármála- deild, stjórnad af Sveinbirni Óskarssyni viðskiptafræðingi, hönnunar- og áætlunardeild stjórnad af Aage Steinssyni tæknifræðingi og rekstrar- og framkvæmdadeild undir stjórn Jakobs Ólafssonar tæknifræðings. Auglýst var eftir framkvæmdastjóra og Kristján Haraldsson verkfræð- ingur ráðinn í starfið. Var Guð- mundur H. Ingólfsson, stjórn- arformaður, í forsvari fyrir Orkubúinu þar til Kristján kom til starfa vorið 1978.

Byggja varð bókhaldskerfi fyrirtækisins upp frá grunni og reyndist það mikið verk. Háði það rekstri fyrirtækisins á fyrstu árunum hversu seint fengust upplýsingar úr bókhaldinu. Innheimtakerfi þeirra þriggja fyrirtækja, sem Orkubúinu tók við rekstri af, voru mjög ólík. Ekkert þeirra var talið henta og var því ráðist í að byggja upp nýtt orkureikninga- og innheimtakerfi. Tekin var ákvörðun um að þeir starfsmenn, er störfuðu áður hjá þeim fyrirtækjum er Orkubú Vestfjarða yfirtók, skyldu áfram eiga tryggja atvinnu hjá Orkubúinu ef þeir óskuðu þess. Allir vildu starfa áfram hjá fyrirtækinu og fór talsverð vinna í að gera ráðningasamninga við hvern og einn starfsmann og reyna að samræma laun sambærilegra starfa. Voru starfsmenn um 60 talsins. Allt þetta tókst en Kristján Haraldsson sagði síðar í viðtali að tími til undirbúnings hefði of knappur. Hefði hann verið lengri, hefði mátt koma í veg fyrir marga örðugleika sem upp komu í byrjun.

Þetta voru allt praktísk verkefni, mikilvægasta verkefnið var auðvitað frekari orkuöflun og að sjá til þess að Vestfirðingar

byggju ekki við óhagstæðara orkuverð en aðrir landsmenn. Hafist var handa framkvæmdaáætlun sem var í meginráttur þrjúþætt:

1. Í samráði við iðnaðarráðherra og ráðuneyti hans var lögð áhersla á byggingu Vesturlínu sem myndi tengja Vestfirði aðalorkuflutningskerfi landsins.
2. Að treysta og byggja upp sterkara dreifikerfi innan fjórðungsins, m.a. með nýrri línu frá Mjólka til Bolungarvíkur.
3. Að undirbúa byggingu fjarvarmaveitna.



Talið frá vinstri:

Bóróddur Th. Sigurðsson,
Aage Steinsson,
Jakob Ólafsson,
Óssur Guðbjartsson,
Sveinbjörn Óskarsson,
Hilmar Jónsson,
Benidikt Blöndal,
Engilbert Ingvarsson,
Guðmundur H. Ingólfsson,
Ólafur Kristjánsson,
Ingólfur Arason,
Jón Björn Gíslason,
Jakob Helgason,
Svavar Jóhannsson,
Sigurgeir Magnússon,

Reykjavík.
Ísafirði.
Ísafirði.
Kollevík.
Ísafirði.
Patreksfirði.
Reykjavík.
Tyrðilsmýri.
Ísafirði.
Bolungarvík.
Patreksfirði.
Patreksfirði.
Patreksfirði.
Patreksfirði.
Patreksfirði.

Frá formlegri yfirtöku O.V. á Rafveitu Patrekshrepps 1. apríl 1978.



Frá fyrsta aðalfundi Orkubús Vestfjarða í Hnifsdal 28. maí 1978.

Vesturlínan

Vesturlínan var stórmál en hún átti að tengja Vestfirði við aðalorkuveituvæði landsins. Voru menn almennt á því að þetta væri hagkvæmasta lausnin til að Vestfirðingar fengju sem fyrst þá raforku sem þeir þyrftu á að halda. Stefnt var að því hefja byggingu Vesturlínu árið 1978 og átti verkinu að vera lokið fyrir árslok 1979. Á aðalfundi Orkubúsins í maí 1979 kom hins vegar fram að það fyrirheit sem fyrrverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, hafði gefið um að Vesturlína yrði fullbúin um haustið fengi ekki staðist og myndi seinka um a.m.k. eitt ár. Jafnframt kom fram að þessi seinkun á tengingu línunnar myndi gera það að verkum að Orkubúið mundi lenda í mjög alvarlegum greiðsluferfiðleikum þar til línan yrði tengd, nema til kæmi aðstoð ríkisvaldsins við útvegum lánsfjár eða styrkja. Þetta reyntist rétt mat, fram til þess tíma að Vesturlína var tilbúin þurfti


Orkubúið framleiða rafmagn með díselvélum og mun kostnaður vegna þessa hafi numið um 1,3 milljarði króna. Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður við lagningu Vesturlínu var um 8 milljarðar króna. Samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða fékk fyrirtækið 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku í sinn hlut. Skipting gjaldsins milli Orkubúsins og RARIK hafði verið pólitískt ágreiningsmál en það var hins vegar ein af meginforsendum fyrir stofnun Orkubúsins að fyrirtækið hefði traustan rekstrar-

grundvöll og með það að leiðarljósi var fyrrnefnd skipting verðjöfnunargjaldsins samþykkt. Reynslan leiddi í ljós að ekki var vanþörf á þessum tekjuauka því rekstrartap fyrirtækisins var talsvert fyrstu starfsárin. Það skilaði í fyrsta sinn hagnaði árið 1984.

En hver var ástæðan fyrir því að bygging Vesturlínu dróst? Það voru margir sem kröfðust svara við þeirri spurningu, m.a. hinn ungi þingmaður Vestfirðinga, Einar K. Guðfinnsson sem setti þessa spurningu fram í jómfrúarræðu sinni á Alþingi í lok apríl 1978 í umræðum um jöfnun húshitunarkostnaðar. Svörin voru misgreinargöð en líkast til

Þessu veldur seinkun byggðalínunnar:
Dieselkeyrslan kostar rúman milljarð á ári
 — Rafmagnsverð þyrfti að hækkna um 75% til að Orkubúið réði við kostnaðinn

Ljóst er að seinkun á lagningu byggðalínu til Vestfjarða mun...
 vanda þingmátt að þaf er fram á...
 Kristján sagði...
 kostnaði þyrfti að...
 í læsna, veldur...
 það hve hitunur...
 óttumáttinn og...
 í uppfalli var á...
 þingi. Minna er...
 ...
 Það er, rétt...
 reynsla. Þaf...
 Orkubú Vestfjarða...
 átti þaf rétt...
 orku þurfti að...
 réttum mátt...
 takleika. Þaf...
 þess að...
 ...



Kristján Haraðsson

Þáv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen, mun hafa gefið um þetta fyrirheit sem menn töldu óhætt að treysta á. Síðan er skemmt frá því að segja, að þetta hefur ekki staðist. Byggðalínan er ókomin en talið er og ég vona að

sta í þetta sinn, að angþráða komist í...
 ári. Þessar tafir á...
 hafa valdið því að...
 arða hefur orðið að...
 ar til framleiðslu á...
 arnar til framleiðslu á...
 nauður vegna þess...
 rslu nemur á annan

34 MORGUNBLAÐIÐ, ÞESDAGUR 28. APRÍL 1989

„Móðuharðindi af völdum erkiklerka“:

Vestfirðir dæmigert oliukyndingarsvæði

— Jómfrúarræða Einaris K. Guðfinnssonar

Hér fer á eftir jómfrúarræða Einaris K. Guðfinnssonar á Alþingi í umræðu um jöfnun húshitunarkostnaðar.

Þá hefur iðnaðarfró þessur vili...
 Reysur hafa þess rétt verði...
 hafi á hinni háa Alþingi og er ekki...
 tanga til að fara í þessu mál...
 gefum. Þaf er rétt að minna á...
 störfandi.

Leggst þyrfti á landþingmátt...
 Eins og þaf íngjöfnefni er...
 hafi á hinni háa Alþingi og er ekki...
 tanga til að fara í þessu mál...
 gefum. Þaf er rétt að minna á...
 störfandi.

kostnaður vegna díselvél...
 greiðslunnar og skýla...
 nemur alls 4.000 millj. kr. Eftir...
 standi lóð... kr. Í...
 þessa frv. er greitt ráð fyrir að...
 Hinn...
 kjófi að...

verði að lána til mána...
 þessu...
 greiðslu á öllu...
 skilaféla. Þess...
 ræða áttu...
 þessu...

ÞRÍ STJÓRNARMENN KAKKA SEGJA AÍ SER:

Ráðist í Vesturlínu gegn samþykkt stjórnarinnar

Rafmagnsvæðingun ríkisins að þessu...
 Vesturlínu. Þess stjórnarmenn...
 RARIK, sem nú hafa verið...
 stjórninni, vilja að með þessu...
 iðnaðarfró þessur...
 og sér hlutverk...
 hafi sé því...
 gagna...
 koma...
 ...

Fréttir...
 þessu...
 ...
 ...
 ...
 ...
 ...

Lánsfjárbörf Orkubús Vestfjarða

Ég sagði hér í ræðu minni að ég...
 ekki von á öðru en að...
 göðalína kæmist í gagnið á...
 su ári. En ekki er þó sopið...
 Ö. Orkubú Vestfjarða hefur...
 myndarlega en raunsæja...
 framkvæmdaáætlun fyrir þetta...
 ár. Samkv. henni þarf hlutur

hefur Steingrímur Hermannsson hitt naglann á höfuði þegar hann síðar greindi frá því að þegar vinna hófst við lánsfjáráætlun í nýrri ríkisstjórn, sem settist að völdum 1. sept. 1978, þá hefði verið upplýst að ekki yrði unnt að ljúka við Vesturlínu á tilsettum tíma haustið 1979 þar sem ekki hafði verið ákveðin pöntun á efni til línanna í tæka tíð.

„Af hverju efnispöntun var ekki ákveðin fyrr skal ég ekki segja en ég hygg að það hafi nú verið vegna þess að þá sat í nokkurn tíma ríkisstjórn eftir kosningar, sem má segja að hafi beðið eftir því að láta af völdum og því ýmsar ákvarðanir lagðar til hliðar.“ Það hefur eflaust haft sitt að segja að stjórn Rarik neitaði að taka til greina fyrir mæli iðnaðar-ráðuneytisins um að panta efni í Vesturlínu fyrr en einhver úrlausn fengist á málum Rarik sem átti við mikla fjárhagsörðugleika að etja.

Sunnudaginn 12. október 1980 kom hópur manna saman við Mjólkvirkjun í Arnarfirði og var tilefnið það, að tengja hina nýju Vesturlínu við landskerfið. Við þetta tækifæri kom fram að Vesturlína væri 161,4 kílómetrar að lengd frá Hrutatungu í Hrutarfirði að Mjólkvirkjun. Jafnframt kom fram að engin háspennulína á Íslandi hefði verið eins erfið í byggingu og Vesturlína. Bygging hennar væri afreksverk og markaði tímamót í raforkumálum Vestfjarða.

Mjólkvirlína II og fleiri verkefni
Annað stórt verkefni var bygging Mjólkvirlínu II sem hófst við Mjólka í Arnarfirði 1975. Fyrri áfangi hennar, línun Mjólka-Breiðadalur (35 km löng), var tengd og formlega tekin í notkun í aðveitustöð í Breiðadal 10. desember 1978. Seinni áfanginn, línun Breiðadalur—Bolungarvík (17 km) löng var tengd og formlega tekin í notkun í aðveitustöð í Syðridal Bolungarvík 2. febrúar 1979. Næsta stóra verkefni var svo lagning flutningslínu frá Mjólka til Tálknafjarðar sem var tekin í notkun 1985.

Á fyrsta starfsárinu 1978 hóf Orkubú Vestfjarða byggingu fjarvarmaveitu á Ísafirði og vorið 1980 var búið að tengja 110 hús á Ísafirði við veituna. Var hún sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Í framhaldinu voru samskonar veitur byggðar upp í Bolungarvík, á Patreksfirði og Flateyri.

Lögin um Orkubú Vestfjarða gerðu ráð fyrir að fyrirtæki stundaði virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið væri hverju sinni. Var byrjað á því að skoða ýmsa möguleika á upphitun húsa, t.d. flutning á heitu vatni frá Reykjanesi við Djúp að þéttbýlisstöðum norðanvert við Djúp, á nýtingu lághitavatns (40°) í Tálknafirði með aðstoð varmadælu, á flutningi á heitu vatni (100°) yfir Steingrímsfjörð frá Hveravík

VESTURLÍNA var vígð á sunnudaginn við hátíðlega athöfn í Mjólkvirkjun í Arnarfirði. Hljólefur Guttormsson lónaðar og orkuáðhera tengdi Vesturlínu formlega við landskerfið með því að snúa takka í stjórnséð Mjólkvirkjunnar. Hann kvæði ódn þess að ræfa Eygildi þessu mikla mannverki og þakkaði öllum, sem stóðu að gerð þess. Allmargir gestir voru viðstaddir viðsluathöfnina, ráðherrar, þingmenn, frammenn á Vestfjörðum, forystumenn í raforkumálum og fleiri.

Vesturlína vígð á sunnudaginn:

Vestfirðir tengjast landskerfinu



Gestir verða fyrir sér tengimannverki Mjólkvirkjunnar en þar tengist Vesturlína orkukerfi Vestfjarða.

Að loknu viðsluathöfninni í Mjólkvirkjun var ekkil til Þingvallar, þar sem átti var til samræmis í samskiptum á stöðum. Kristján Jónsson rafmagnsvísingstjafi var vísingstjafi. Hann fyllti einnig ræðu og lýsti mannvirkni, þóð hann fram í máli Kristján að Vesturlína er 161,4 kílómetrar að lengd frá Hrutatungu í Hrutarfirði að Mjólkvirkjun. Hann sagði að engin háspennulína á Íslandi hefði verið eins erfið í byggingu og Vesturlína og kvæði henni afreksverk. Línun er sérstaklega sterkt byggð, bæði settur og línur.

Heiðarfróðastur við línuna er um 8000 milljónir króna. Með tengingunni eru Vestfirðir komnar í samband við aðalræðing landsins. Hún hefur af loknu dýrast dísserfærðastar sem Orkuá Vestfjarða hefur rekið. Línun er mikil öryggisáætlun fyrir Vestfirðinga og býður upp á mikla möguleika t.d. heit veitur, háhitun og rafmagn. Það kom fram hjá Kristján að ef línun hefði ekki verið komin fyrir veiturina hefði verið að koma dísserfærð til raforkuframleiðna fyrir 13–2 milljarða króna á Vestfjörðum í veitur.

Áhrifandi flutti Hljólefur Guttormsson og sagði hann st. í ræðu stund:
„Hjúgnýndin að lagningu Vesturlínu var rekið allt til ársins 1973. Þá, í ráðgjafarátt Magnúsar Jónssonar, var á vegum ríkisráðgjafans settur á fót vinnuáætlun til að gera tillitgætt samþykkingu raforkufélagsins í Norðurlandi og Suðurlandi. Á þeim tíma lá mækkó teint við að leggja sílu línu beint

Kristján Jónsson rafmagnsvísingstjafi flytur ræðu. Hóinn á höfuðið átti hann áherslu á lagningu Vesturlínu og áherslu á lagningu Vesturlínu.



Gestir verða fyrir sér tengimannverki Mjólkvirkjunnar en þar tengist Vesturlína orkukerfi Vestfjarða.

Lagning Vesturlínu, sem við tenginguna formlega hér í dag, hófst vorið 1975 og hefur staðnað áttunda stundum síðan að heita málum. Rafmagnsvætur ríkisins hefur haft þáð verk með höndum sínum og áhrif framkvæmdir við byggingu Vesturlínu frá til þessa. Áhrif mættu vinnutíðni reka byggingarvinnu sína, en ég vil íh. Áhrifaráhrif og ríkisskiptanir nota takiferð til að þakka þeim mörgum sem þar hafa lagt hönd að verki.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Byggingin er frá Breiðdal í Hrutarfirði, um Hrutatungu í Hrutarfirði, Landvættum við Blöndu, Varmahlíð í Skagafirði, Rangárvellir við Akureyri, um Krífni til Hryggstakka í Skarhólmi, auk Vesturlínu frá Hrutatungu um Glerárskóglu til Mjólka. Í Breiðdal tengist þar 220 kV kerfi Landvættum sem nær þakka um Glerárskóglu og Hrutfi til Sjálfvættum.

Ísafjörður: Vatni hleypt á fjarvarmaveituna í lok mánaðarins

— segir Kristján Haraldsson framkvæmdastjafi, Orkubú Vestfjarða



Ísafjörður: Vatni hleypt á fjarvarmaveituna í lok mánaðarins. Kristján Haraldsson framkvæmdastjafi Orkubú Vestfjarða.

Ísafjörður: Vatni hleypt á fjarvarmaveituna í lok mánaðarins. Kristján Haraldsson framkvæmdastjafi Orkubú Vestfjarða.

Nú blöskrar rafmagnsnotendum á Patreksfirði:

KÍLÓVATTSTUND LJÓSARAF- MAGNS SELD Á 339.70 KR.

— menn lifa í minningunni um miklu betri áður en Orkubú Vestfjarða tók við

til Hólmavíkur og á nýtingu varma frá sorpbrennslustöð í Hnífsdal, svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknir á virkjun fallvatna voru á þessum tíma á höndum Orkustofnunar og án þess að virkjun vatnsafls á Vestfjörðum væri afskrifað, þá þóttu mögulegir virkjunarkostir á Vestfjörðum ekki samkeppnisfærir við stóru fallvötnin inni á „meginlandinu“.

Hér hefur aðeins verið minnst á helstu framkvæmdir Orkubús Vestfjarða í árdaga fyrirtæksins en jafnhliða var unnið að styrkingu dreifikerfis, uppbygging varaafis, veitustöðva o.s.frv. En það var ekki þar með sagt að allir væru himinlifandi yfir Orkubúinu. Þeir sem höfðu haldið að kostnaður við rafmagn og húshitun myndi snarlækka daginn sem Orkubúið tók til starfa, urðu fyrir vonbrigðum. Í fjölmiðlum var reglulega fjallað um himinháa reikninga frá Orkubúinu og voru einhverjir á því að hlutirnir hefðu verið miklu betri áður en Orkubúið kom til sögunnar. Með tímanum dró úr þessum kvörtunum þótt þær yrðu lífsseigar og enn í dag kemur þessi umræða reglulega upp.

Varðandi yfirtöku á mannvirkjum, dreifikerfi og öðrum eignum, þá virðast menn hafa undirbúið þá vinnu vandlega því ekki er annað að sjá en að það hafi gengið vel. Vissulega voru einhver sveitarfélög treg til að láta þessar eignir frá sér endurgjaldslaust enda sum þeirra þá nýbúin að leggja í talsverðan kostnað við uppbyggingu þeirra. Enginn ágreiningur virðist hafa verið um

DB

frjálst, óháð dagblað

FRÍÐJUDAGUR 11. APRÍL 1978.

Var hanastélið einum of sterkt fyrir Orkubúið?

— Rafmagnstækin á Patró liggja undir skemmdum vegna lélegs ástands í rafmagnsmálum

„Síðan Orkubú Vestfjarða hélt hanastélsboð fyrir rúmri viku í tilefni af því að það tók til starfa hefur aldrei verið jafn lélegt ástand í rafmagnsmálum á Patreksfirði,“ sagði Elin Oddsdóttir fréttaritari DB.

„Það eru sífelldar rafmagnstruflanir og spennufall. Þetta er að eyðileggja öll heimilistæki á staðnum,“ sagði Elin.

A.Bj.

afsalið á öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita og fallvatns, sem sveitarfélögin kunnu að eiga, þekkt og óþekkt. Kannski að það hafi verið innan einhverra hreppsnefnda en á sameiginlegum vettvangi sveitarstjórnarmanna var það ekki. Hins vegar fékk bæjarstjórn Ísafjarðar bakþanka árið 1984 og fór fram á það aðalfundi Orkubúsins það ár, að fá ráðstöfunarrétt yfir jarðhita í Reykjanesi við Djúp. Var sú ósk framkomin þar sem unnið var að stofnun fiskeldistöðvar í Reykjanesi og horft til nýtingar heita vatnsins í því sambandi.

Aðalfundir Orkubúsins hér á árum áður þóttu skemmtilegar samkomur, sérstaklega þegar þegar fundarstörfum var lokið. Í fréttaflutningi af aðalfundi árið 1979 sagði „að venju voru ýmsir skáldmæltir menn á fundinum.“ Það segir sitt um andann á þessum fundum og mun Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld á Kirkjubóli í Korpudal, hafa verið þar í fararbroddi. Er við hæfi að ljúka þessu yfirliti á vísu sem hann mun hafa ort eftir að Magnús Reynir Guðmundsson fór í pontu á aðalfundi. Hafði hann beðið um orðið en stóð svo í pontunni og sagðist ekki muna hvað hann hefði ætlað að segja en talaði samt heilan helling í langan tíma. Þá kom þessi vísa frá Guðmundi Inga:

*Orðin get ég góðir menn
gjarnan látið flæða.
Þó ég viti ekki enn
hvað ég ætlaði að ræða.*

